

Ívar Vincent Smáráson

Frá: Halldóra Dýrl. Gunnarsdóttir
Sent: þriðjudagur, 1. febrúar 2022 16:17
Til: Ívar Vincent Smáráson
Efni: Ofbeldisforvarnarfræðsla - svar til forsætisnefndar
Viðhengi: Svar við tillögu_ofbeldisforvarnir.docx

Flokkar: Grænn flokkur

Sæll.

Svar vegna fyrirspurnar forsætisnefndar um stöðu verkefnis sem lýtur að ofbeldisforvarnafræðslu á unglingastigi í grunnskólum sbr. tillögu Freyju Rúnarsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða.

Í bréfi ofbeldisvarnarnefndar dags. 23. sept. 2021 til skóla- og frístundasviðs var óskað eftir því við sviðið að það hefði forgöngu um þetta verkefni í samráði við ofbeldisvarnarnefnd sbr. samþykkt ofbeldisvarnarnefndar (R21060148).

Þegar undirrituð spurði um stöðuna á þessu verkefni barst svar sem er í viðhengi dags. 1. febrúar 2022.

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir (hún-hennar/she-her),
sérfræðingur í jafnréttismálum og verkefnisstjóri Saman gegn ofbeldi/gender equality advisor and project manager
for Together against Violence
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar
City of Reykjavik Human Rights and Democracy Office
Ráðhúsi Reykjavíkur/City Hall
Sími/tel: 772 5323
Netfang/email: halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is
<http://www.reykjavik.is>

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Skóla- og frístundasvið
Helgi Grímsson
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Tillaga fulltrúa ungmennaráðs um aukna ofbeldisforvarnafræðslu á unglíngastigi í grunnskólum

Tillaga Freyju Rúnarsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aukna ofbeldisforvarnafræðslu á unglíngastigi í grunnskólum var lögð fram í borgarstjórn 11. júní 2021.

Tillagan var svohljóðandi:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundasviði að bjóða nemendum á unglíngastigi í grunnskólum aukna forvarnafræðslu í tengslum við ofbeldi unglínga. Lagt er til að boðið sé upp á slíka fræðslu frá og með hausti 2022.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi tillögunni:

Undanfarið hefur umfjöllun um ofbeldi ungmenna í samfélaginu aukist. Líkamlegt ofbeldi á milli unglínga er ekki nýtt fyrirbæri á Íslandi en tímarnir hafa vissulega breyst. Með tilkomu samfélagsmiðla eru slagsmál og árásir mun sýnilegri börnum og ungmennum og unglíngar þurfa aukna fræðslu um áhrif ofbeldis, mismunandi birtingarmyndir þess og hvernig sé rétt að bregðast við þegar þau verða vitni að slagsmálum eða öðru ofbeldi.

Borgarstjórn vísaði tillögunni til meðferðar ofbeldisvarnarnefndar.

Tillagan var lögð fyrir í ofbeldisvarnarnefnd 21. júní 2021 og var samþykkt að útfæra tillöguna í samráði við skóla- og frístundasvið haustið 2021. Freyja Rúnarsdóttir og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir tóku sæti á fundinum undir þeim lið.

Óskað er eftir því við skóla- og frístundasvið að það hafi forgöngu um þetta verkefni í samráði við ofbeldisvarnarnefnd sbr. samþykkt ofbeldisvarnarnefndar.

Fyrir hönd ofbeldisvarnarnefndar

Halldóra Gunnarsdóttir

Afrit:
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir